

# Gleðilegir



**RAFTEIKNING HF**  
RÁDGJAFARVERKFRÆDINGAR  
CONSULTING ENGINEERS

**RT**

# Rafteikning 35 ára



Verkfræðistofan Rafteikning hf. fagnaði 35 ára afmæli á þessu ári. Helstu viðfangsefni fyrirtækisins eru á orku- og iðnaðarsviði svo og hönnun rafkerfa í stórum sem smáum byggingum. Rafteikning er ráðgjafarfyrirtæki sem starfar óháð öllum hagsmunaaðilum. Eigendur eru 14 tæknimenn sem allir starfa hjá fyrirtækinu. Starfsmenn Rafteikningar eru nú 37 talsins.

Rafteikning annast verkefni af ýmsum toga, svo sem þarfagreiningu og arðsemisathuganir, hönnun og gerð hönnunargagna, gerð útboðsgagna og yfirferð tilboða, hönnunareftirlit, deilihönnun og forritun, stjórnun framkvæmda og eftirlit með framkvæmdum, prófanir og gangsetningu stórra og smárra kerfa. Ennfremur annast fyrirtækið rekstraraðstoð, truflana- og bilanagreiningu og ýmsa almenna ráðgjöf.



Rafteikning er í eigin húsnæði að Borgartúni 17, við hlið Höfða. Þá rekur fyrirtækið útibú í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Menntun og reynsla starfsmanna er fjölbreytt sem tryggir litríka flóru þekkingar.

## Fylgt úr hlaði

Þegar þetta fyrsta fréttablað Rafteikningar kemur út er afmælisárfyrirtækisins að renna sitt skeið. Árið hefur verið annasamt og einkennst af mikilli þenslu í þjóðfélögnum. Hjá Rafteikningu hefur verið mikið að gera og ekki hægt að anna eftirspurn. Mjög erfitt hefur verið að fá hæfa menn til starfa. Aldrei áður höfum við þurft að neita eins mörgum verkefnum og nú, bæði beint og óbeint. Höfuðáhersla hefur verið lögð á að sinna okkar föstu viðskipta-vinum en jafnvel þar hefur reynt á þolmæði og traust.



Ekkert látt virðist vera á áformum um verklegar framkvæmdir á næstu árum. Ber þar hæst áformin um álver á Reyðarfirði og í Hvalfirði ásamt tilheyrandi orkuframkvæmdum. Ef þessi áform ganga eftir verður áfram nóg að gera og spennan á markaðinum heldur áfram. Ef ekki, mun verulegur samdráttur eiga sér stað í þjóðfélögnum með tilheyrandi sársauka fyrir marga.

### Hönnunartími

Á undanförnum árum hefur krafan um styttri hönnunartíma mannvirkja aukist verulega. Við hefðbundin og stöðluð mannvirki með þekktum lausnum á þetta fyllilega rétt á sér. Ráðgjafar geta þá nýtt sér tæknina og þekktar lausnir og þegar arkitektar hafa lokið sínum verkum er tiltölulega fljótlegt að framleiða þær teikningar og gögn sem með þarf. Öðru máli geginir með sérhæfðar og sérstakar byggingar. Slíkar byggingar, sem oftar en ekki eru reistar af almannafé beint eða

óbeint, eiga það skilið að eðlilegum tíma sé varið í undirbúnning og hönnun áður en farið er út í framkvæmdir. Oft átta menn sig ekki á samhenginu á milli góðrar hönnunar og heildarbyggingakostnaðar og að tíminn sem varið er í undirbúnning og hönnun, sem kostar hlutfallslega lítið, skilar sér oftast í betra mannvirki með lægri rekstrarkostnað og lægri heildarkostnaði. Sama á einnig við um endurgerð eldri mannvirkja.

### Val ráðgjafa

Val á ráðgjafa hefur einnig breyst.

Í byggingariðnaðinum er meira og meira farið að bjóða hönnun út og þó talað sé um að meta eigi hæfni og reynslu fer valið nær undantekningalaust fram á grundvelli verðs. Fyrir einfaldar og staðlaðar byggingar á þetta kannski rétt á sér, en fyrir sérhæfð mannvirki er þetta mjög vafasamt. Sumir vilja líkja þessu við útboð á lækningsverki eða lögfraðiverki þar sem lægstbjóðandi fær verkið! Öllum hlýtur að vera það ljóst að ráðgjafi sem boðið hefur of lágt leitar allra leiða til að halda kostnaði í lágmarki. Það þýðir að tím fyrir aðrar lausnir og nýjungar er enginn. Val ráðgjafa með verðútboði á sérhæfðum mannvirkjum er mjög vafasamur sparnaður fyrir verkkaupa svo ekki sé meira sagt. Til eru margar aðrar aðferðir til að velja ráðgjafa og má þar meðal annars nefna tveggja umslaga kerfið, kerfið sem notað er hjá Varnarliðinu, eða hreinlega áætlun ráðgjafa byggð á tímajaldi.



Afar mikilvægt er að verkkaupar skilji það að allir alvöru ráðgjafar vilja vinna fyrir verkkaupann af heilindum og trausti og eins og verkkaupinn myndi sjálfur vinna hefði hann þá þekkingu og mannafla sem ráðgjafinn hefur. Á sama hátt vilja ráðgjafar að verkkaupinn hafi eðlilegt aðhald og eftirlit á vinnu hans.



### Launamál

Alvarlegt ástand blasir nú við í launamálum á verkfræðistofum. Nú er svo komið að nánast útilokað er að fá unga verkfræðinga og tæknifræðinga til starfa vegna þess að tölvu- og fjármálfyrirtæki bjóða þessu fólkum mun hærri laun en stofurnar geta boðið, miðað við þann útselda taxta sem þær hafa. Til að ráða bót á þessu er þörf á tölverðri taxtahækkun. Í okkar fagi er það einnig sérstakt áhyggjuefni hve fáir velja og útskrifast í sterkstraumsgreinum. Afleiðingarnar geta leitt til þess að útlendingar eiga greiðari aðgang inn á markaðinn hér og ekkert vandamál virðist að borga þeim mun meira en íslenskum ráðgjöfum.

### Lokaorð

Ef rétt er á málum haldið af hálfu yfirvalda og verðbólga og viðskiptahalli fer ekki úr böndunum þá eru spennandi tímar framundan á Íslandi.

Í upplýsingatækni og fjármálaheimi gerast hlutirnir hratt og þar er fyrir hendi mikið af tækifærum. Í þeim ákafa megum við þó ekki gleyma undirstöðugreinunum, sjávarútvegi og iðnaði og að afkomumöguleiki þjóðar verður ekki til í fjármálfyrirtækjum.




Gunnar Ingi Gunnarsson,  
framkv.stj. Rafteikningar hf.

# Lýsingin í Bláa lóninu vekur athygli

Rafteikning sá um hönnun lýsingar í Bláa lóninu í samvinnu við Vinnustofu arkitekta á Skólavörðustíg 12. Lýsingin hefur vakið athygli víða um heim og hafa greinar um hana og myndir birst í ýmsum tímaritum, bæklingum og auglýsingum.


Arkitektálfarið WALL PAPER sendi blaðamann og ljósmyndara til Íslands og birti í kjölfarið ítarlega umfjöllun um Bláa Lónið og lýsinguna þar. Ljósmyndari og blaðamaður þýska lampa-framleiðandans ERCO komu hingað til lands og birt var umfjöllun um lýsinguna í Bláa lóninu í kynningarriti fyrirtækisins, LICHTBERICHT, sem dreift er um allan heim. Lýsingin hefur einnig verið notuð í opnuauglýsingum í virtum tímaritum, þ.á.m. SPIEGEL. Hinn þekkti ítalski lampaframleiðandi IGUZZINI notar mynd frá Bláa lóninu í nýjasta bæklingi sínum. Útgáfufyrirtækið KRAMER/ VON LOM undirbýr útgáfú bókar sem verður eins konar lýsingar-Atlas þar sem birtar eru myndir og sagt frá lýsingu í 40 byggingum sem vakið hafa sérstaka athygli og er Bláa lónið þeirra á meðal. Þá mun tímaritið LIGHTING DESIGN + APPLICATION birta grein um verkefnið á næstunni.



## í áranna rás...

Listinn yfir verkefni Rafteikningar á 35 árum er langur. Af fjölbreyttum verkefnum fyrirtækisins má nefna:

Blönduvirkjun  
Steinullarverksmiðjan  
Járnblendiverksmiðjan, Krafla  
Útvarpshúsið, Perlan  
Nesjavallavirkjun, Þjóðleikhúsið  
Hallgrímskirkja, Borgarleikhúsið  
Sogsvirkjanir, Sultartangavirkjun



Hús Hæstaréttar  
Menningarmiðstöð Kópavogs  
Þjóðmenningarhús  
Fráveitukerfi í Njarðvík  
Tengibygging Borgarleikhúss og  
Kringlunnar,  
Endurnýjun Skeiðsfossvirkjunar  
Hitaveita Akureyrar  
Hitaveita Akraness og Borgarness  
Varmaorkuver á Svartsengi  
Borgarspítali  
Kísilmálverksmiðja á Reyðarfirði  
Saltspéturssýruverksmiðja fyrir  
Aburðarverksmiðjuna  
Stjórnkerfi fyrir  
ammoníaksverksmiðju

Bláa Lónið  
Lýsing Reykjanesbrautar  
Íslandsskálinn á EXPÓ 2000  
Sól hf., Sorpflokkunarstöð Sorpu  
Kringlan, Smáinn  
Aðalstöðvar Íslandspósts  
Landssíminn Múlastöð  
Háskólinn í Reykjavík  
Dómkirkjan,  
Bjarnarflagsvirkjun  
Kárahnjúkavirkjun  
Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur  
Héraðsdómur Reykjaness  
Hjúkrunarheimilið Soltún  
Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsi  
Digraneskirkja, Borgarneskirkja  
Aðalstöðvar  
Rafiðnaðarsambandsins  
Hekla Njarðvík  
Héraðsdómur Reykjavíkur

Útfefndi:  
Rafteikning hf.  
1. tbl. 1. árgangur 2000  
Ábyrgðarmaður:  
Gunnar Ingi Gunnarsson.  
Aðstöð við útgáfu:  
Sigrún S. Hafstein  
Umþrot:  
Rafteikning hf./Rafn Sig.  
Prentun:  
Prentsmiðjan Grafik hf.

Rafteikning hf.  
Borgartúni 17  
105 Reykjavík  
Sími:  
520 1700  
Símréf:  
520 1701  
Tölvupóstfang:  
rt@rafteikning.is  
Netfang:  
www.rafteikning.is

# Landssími Íslands - Múlastöð

Landssími Íslands hefur verið að breyta þeim hluta Múlastöðvar sem Pósturinn hafði áður til umráða, ásamt því að byggja eina hæð ofan á svo kallað C-hús og tengibyggingu og glerhýsi yfir garð. Um er að ræða skrifstofur, tæknirými, verkstæði og móttuneyti.

Stærð þess húsnæðis sem verið er að breyta er um 4,400 fermetrar og nýbyggingar um 870 fermetrar.

Rafteikning sá um forhönnun og deili-hönnun allra rafkerfa sem og útboðsgögnum vegna rafkerfa.

Landssími Íslands er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í fjarskiptatækni. Fyrirtækið gerir því miklar kröfur til góðra lagnaleiða milli tæknirýma í hinum ýmsu byggingum Múlastöðvar. Sá hluti Múlastöðvar sem Pósturinn hafði til umráða var áður ótengdur húsnæði Landssímans, en með góðri samvinnu við arkitekta hússins tókst að leysa tenginguna farsællega. Síminn hefur lagt mikla áherslu á að skapa starfsfólk sínu gott vinnuumhverfi með glæsilegri hönnun arkitekta og góðri lýsingu. Þykir vel hafa tekist til í þessum nýju húsakynnum.



## Staðlasafn á tölvtækum formi

Rafteikning státar af einu stærsta rafstaðlasafni landsins. Einkum er um að ræða staðla frá IEC en einnig eru til staðar frá CENELEC, CEN, IEEE o.fl. Til skamms tíma voru allir staðlarnir útprentaðir en nú eru staðlar frá IEC keyptir á tölvtækum formi. Framtíðin hlýtur hins vegar að vera sú að hægt sé að kaupa aðgang að ákveðnum flokkum staðla um Internetið. Þess má geta að IEEE býður slíka þjónustu.

Hjá Rafteikningu er lögð áhersla á skipulega geymslu upplýsinga og notkun þeirra. Auk rafstaðlasafnsins má nefna gott safn bóka og tímarita, upplýsingar frá framleiðendum búnaðar, mælitæki og ýmsan annan tækjabúnað. Þá er stuðst við skipulega upp settan reynslubanka úr eldri verkefnum.

# Dómshús í Hafnarfirði

Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) reisa nýtt glæsilegt hús við Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði undir starfsemi Landsbanka Íslands og Hérðasdómu Reykjaness. Húsið er hannað af arkitektastofunni Arkþing ehf. og er heildar flatarmál um 1700 fm.

Meðhönnuðir eru Rafteikning, sem sér um almenn rafkerfi og sérkerfi, þ.a.m. stjórnerkerfi, fjarþiptakerfi og öryggiskerfi, Teiknistofan Öðinstorgi sem sér um burðarþol og Hönnun hf. hannar loftræsti-og lagnakerfi.

ÍAV áætla að afhenda húsnæðið í byrjun aprílmánaðar n.k.

## Ný gerð af perum

Lýsingarhönnuðir Rafteikningar hafa unnið að því að innleiða nýja hugsun við hönnun lýsingarkerfa. Í mörgum tilvikum mæla þeir með því að nota nýja gerð af flúrperum sem kallast T5. Lampar með slíkum perum hafa þá kosti m.a. að nýting á lýsingunni verður betri, þeir eru lausir við flökt og suð, eru sparneytnari og endingartími peranna hefur aukist talsvert. Stofnkostnaður er meiri en borgar sig á nokkrum árum vegna þeirra þáttu sem nefndir voru hér að framan. Lampar af þessari gerð verða notaðir í nýja dómshúsini í Hafnarfirði. Af öðrum verkefnum þar sem þessir lampar urðu fyrir valinu má nefna höfuðstöðvar Íslandspósts og nýtt húsnæði Rafiðnaðarsambandsins.

# Hjúkrunarheimili framtíðarinnar

Unnið er að byggingu einkarekins hjúkrunarheimilis fyrir aldraða að Sóltúni 2. Heimið verður í eigu Öldungs ehf. en að því fyrirtæki standa ÍAV og Securitas. Það er markmið þeirra að Sóltún verði framúrskarandi hjúkrunarheimili bæði hvað varðar hönnun og ekki síður í rekstrarlegu tilliti, með megináherslu á heimilislegan blæ.

Arkitektar hússins eru VA arkitektar ehf. Meðhönnuðir eru: Hönnun hf., burðarþol, loftræsi- og lagnakerfi, Securitas, öryggis-

og hússtjórnerkerfi og Rafteikning sér um almenn rafkerfi, fjarskipta-, bruna- og stjórnerkerfi auk þess að annast alla teiknivinnu fyrir Securitas.

Sóltún verður dvalarheimili fyrir aldraða sem þarfast verulegrar hjúkrunar og aðstoðar í daglegu lífi. Lögð verður áhersla á að virða sjálfræði íbúanna og heimilislegan anda og leitast er við að gera íbúunum kleift að bjarga sér sjálfrir eins og framast er unnt. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði miðast við þetta. Þessar

kröfur hafa gert verk Rafteikningar krefjandi en um leið spennandi. Til dæmis er gert ráð fyrir heimilislegri lýsingu og tekur val lampa mið af því.

Í Sóltúni verða samtals 60 einstaklings-íbúðir. Til að mæta þörfum íbúanna, sem þarfast langtíma hjúkrunar- og læknispjónustu, verður heimiði afmarkað í tólf sambýli þar sem einstaklingar með svipaðar þarfir samnýta ákveðinn sambýliskjarna út frá íbúum sínum.



Með byggingu Sóltúns er markmiðið að innleiða nýja hugsun í umönnun aldraðra þar sem áhersla er lögð á heimilislegan blæ.

# Krafla

Í Kröfluvirkjun er háhití úr iðrum jarðar nýttur til framleiðslu á raforku. Saga virkjunarinnar framan af er vörðuð erfiðoleikum vegna jarðhræringa og um tíma var talin hætta á að virkjunarsvæðið myndi lenda undir hrauni. Boranir eftir gufu gengu erfiðlega og af þeim völdum var á byggingartímanum tekin ákvörðun um að fresta niðursetningu annarrar vélasamstæðunnar um óákveðinn tíma. Þegar jarðhræringum lauk fóru boranir að ganga betur og fyrri vélasamstæðan var komin á full afköst, 30 MW, um miðjan níunda áratuginn.



Í tengslum við orkuöflun vegna stækkunar á álveri Íslenska Álfélagsins ákvað Landsvirkjun á árinu 1996 að setja niður seinni vélasamstæðu stöðvarinnar og afla gufu vegna hennar. Rafteikning hf. hafði verið í hópi hönnuða virkjunarinnar í upphafi og var fyrirtækið fengið til að annast verkfræðivinnu vegna rafbúnaðar, stjórn- og varnarbúnaðar við verkefnið "Lúkning Kröfluvirkjunar". Yfirstjórn verkefnisins er í höndum Verkfræði- og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar. Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. og Rafteikning eru aðalráðgjafar og hafa sameiginlega með höndum verkefnisstjórn.

Helstu tækniupplýsingar um Kröfluvirkjun eru að 22 borholur eru í

notkun, afl vélasamstæðna er 2x30 MW og orkuvinnslugeta u.p.b. 480 GWh/ár. Í tengivirki eru fjórir 132 kV rofareitir með hefðbundnum útibúnaði.

Stjórnþúnaður er fjórar sjálfstæðar en nettengdar stýrivélar og tvö sjálfstæð en nettengd skjákerfi.

Verksvið Rafteikningar eru frumhönnun og arðsemismat, skipulagning hönnunar og framkvæmda, hönnun og gerð útboðsgagna, mat á tilboðum og aðstoð við gerð verksamninga, hönnunareftirlit, deilihönnun, þ.e. gerð allra teikninga, forritun stýrivéla og skjámyndagerð, skipulagning og stjórnun framkvæmda, prófanir og gangsetning og að lokum þjálfun starfsmanna, gerð handbóka, rekstrarleiðbeininga og þess háttar.

## Þjóðmenningarhús




Við Hverfisgötu 15 í Reykjavík hefur í hartnær eina öld staðið hið friðaða Safnahús. Þetta fallega hús, sem áður hýsti Þjóðminjasafn og Landsbókasafn, hefur fengið nýtt hlutverk, og mun framvegis heita Þjóðmenningarhús.

Breytingin á hlutverki hússins felur í sér að því er breytt úr húsnæði fyrir söfn í opinbert sýninga- og fundahús. Eins og gefur að skilja er talsvert verk að breyta tæplega aldargömlu húsi, sem ekkert rafkerfi hafði í upphafi, í nútímalegt sýninga- og fundahúsnæði. Taka þarf tillit til krafna um aðgengilegar lagnaleiðir, lýsingu og lýsingarstjórnun, fjarskipti, lágpennukerfi og öryggiskerfi. Jafnframt þurfti að tryggja aðgengi með því að setja lyftur í húsið.

Arkitektar hússins óskuðu eftir því að allar lagnir væru huldar og sýnilegur rafbúnaður í lágmarki. Vandkvæðum olli að burðarkerfi gólfra í húsinu er stálbitar með mjög þunnu ásteypulagi en aðal lagnaleiðir pípna fyrir rafkerfin eru í gólfum.

Með góðri samvinnu við verktaka hússins tókst að leysa þetta vandamál farsællega, þótt mörgum hafi blöskrað þegar þeir sáu fjölda pípna í gólfunum.



## RT-skólinn

Í rúman áratug hefur Rafteikning starfrækt „RT-skólann“, sem er virðuleg stofnun sem

státar af sínum eigin rektor. Skólastarfíð er allt með léttu og frjálslegu sniði og felst í því að nokkra laugardagsmorgna á ári eru haldin innanhússnámskeið. Á námskeiðunum skiptast starfsmenn á að halda „fyrirlestur“ um sín sérsvið fyrir vinnufélagana. Tilgangurinn er að miðla þekkingu meðal starfsmanna og ekki síður að hittast utan hefðbundins vinnutíma og spjalla yfir hinum rómuðu veitingum RT-skólans. Sem dæmi um námsfni skólans má nefna að á haustönn á afmælisárinu 2000 hafa verið haldin námskeið um gagnagrunnsfræði, Autocad 2000, neyðarlýsing og um jarðskaut í raforkukerfum. Einnig standur RT-skólinn fyrir hádegisfundi á hverjum mánudegi þar sem starfsmenn snæða hádegisverð saman og spjalla. Oft er þá fenginn utanaðkomandi aðili eða einn af starfsfólkini til að segja frá einhverju merkilegu.



Bæði laugardagsnámskeiðin og hádegisfundir eru mikilvægir til að miðla upplýsingum milli starfsmanna og efla starfsandann.

# Háskólinn í Reykjavík

Fyrsti áfangi Háskólans í Reykjavík var tekinn í notkun í september 1998. Sá áfangi er um fjögur þúsund fermetrar á fimm hæðum og rúmar um 500 nemendur. Nú er unnið að byggingu annars áfanga, er hann einnig um fjögur þúsund fermetrar en ráðgert er að taka hann í notkun haustið 2001. Innan örfárra ára er ráðgert að hefjast handa við þriðja áfanga. Rafteikning sér um hönnun rafkerfis, brunaviðvörunarkerfis, öryggiskerfis og lýsingarkerfis, auk lagna fyrir tölvu- og símakerfi. Krafa er gerð



um að lagnaleiðir séu breytanlegar og opnar, þannig að allar lagnir eru í rennum og stokkum.

## Hagkvæmniathugun

Varðandi raforkukaup skólans var Rafteikningu falið að gera hagkvæmniathugun og benda á ódýrustu leiðina til lengri tíma lítið. Niðurstaðan varð sú að leggja niður gamla heimtaug í Verslunarskólann og taka í notkun nýja heimtaug sem þjónar Verslunarskólánum og öllum áföngum Háskólans í Reykjavík. Þessi framkvæmd á að borga sig á 5-7 árum.

Einnig var fitjað upp á nýbreytni varðandi ljósakveikingar. Engir rofar eru í skólanum heldur eru skynjarar sem kveikja ljósin. Því logar ekki á göngum skólans eða í skólastofum að óþörfu heldur kvíkna ljósin ef skynjarinn nemur hreyfingu. Að undanförnu hefur færst í vöxt að fyrirtæki og stofnanir fari þessa leið til að ná fram sparnaði í raforkukaupum.



# Hönnun Kárahnjúkavirkjunar

*Ráðgjafahópur sem samanstendur af Rafteikningu, Elektrowatt Engineering, Palmi Associates, Almennu verkfræðistofunni og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen vinnur nú að undirbúningi Kárahnjúkavirkjunar fyrir Landsvirkjun. Rafteikning sér um hönnun á öllum rafbúnaði virkjunarinnar.*


Stærð Kárahnjúkavirkjunar verður á bilinu 460 til 690 MW með 4 til 6 vélasamstæður og verður því stærsta raforkuvirkjun Íslendinga til þessa og einnig verða 115 MW vélar virkjunarinnar þær stærstu hér á landi. Til samanburðar er stærsta núverandi virkjunin, Búrfellsvirkjun, 270 MW eftir stækjun og stærstu vélar landsins um 70 MW í Sultartangavirkjun og Hrauneyjafossvirkjun. Hönnun á rafbúnaði virkjunar af þessari stærð er umfangsmikil. Stöðvarhús virkjunarinnar með vélasamstæðunum verður neðanjarðar líkt og í Blönduvirkjun en auk þess verða aflspennar vélanna neðanjarðar. Orkan verður síðan flutt með háspennustrengjum sem liggja um u.þ.b. 700 metra löng göng að



gaseinangruðu 220 kV tengivirki í Fljótsdal. Frá tengivirkini verða síðan lagðar háspennulínur niður að álveri við Reyðarfjörð og háspennulínur sem tengja virkjunina við núverandi landskerfi. Við hönnunina eru ýmis frávik frá þessu meginfyrirkomulagi virkjunarinnar skoðuð með tilliti til hagkvæmni og tæknilegs ávinnings. Í tengslum við hönnun virkjunarinnar fóru starfsmenn Rafteikningar í skoðunarferð í vatnsaflsvirkjanir í Sviss og Austurríki þar sem umfang rafbúnaðar og vélbúnaðar er af svipaðri staðargráðu og verður í Kárahnjúkavirkjun.

Kárahnjúkavirkjun mun að mestu framleiða orku fyrir einn viðskiptavin, þ.e. álver í Reyðarfirði. Um takmarkaðan orkuflutning verður að ræða frá öðrum virkjunum landsins og því er rekstraröryggi virkjunarinnar afar mikilvægt og nauðsynlegt að öll kerfi fyrir orkuframleiðsluna og orkuflutninginn séu áreiðanleg. Þessum áreiðanleikakröfum verður m.a. mætt með tvöföldun á kerfum og miklum aðskilnaði á milli einstakra vélá.

Við gerð jarðgangna frá Háslóni að virkjunarstað í Fljótsdal verða notaðar jarðgangaborvélar. Vegna þessara borvélá og þess að virkjunarsvæðið er nokkuð dreift verður dreifikerfi fyrir raforku á byggingartíma óvenju umfangsmikið. Gert er ráð fyrir að dreifikerfið verði að mestu strengkerfi á 33 kV spennu og mesta aflnotkun um 25 MW.





Rafteikning sá um hönnun lagnakerfa og almennrar lýsingar í Íslands-skálannum á EXPÓ. Sem kunnugt er vakti skálinn mikla athygli og hefur nú verið seldur stórfyrirtækinu Danfoss sem mun nota hann í kynningarstarfi sínu. Í upphafi sá Rafteikning um kostnaðarmat og því næst þarfagreiningu og frumhönnun í tengslum við gerð úboðsgagna.

Rafteikning hannaði rafkerfið og fasta lýsingu, m.a. afldreifingu, tölvulagnir, brunaviðvörunarkerfi og svæðislýsingu utan dyra. Þá þurfti einnig að huga að rafmagni fyrir dælurnar sem ausa vatni yfir skálann. Lagnir vegna sýningarkerfa og sýningarlýsingar voru hannaðar í samstarfi við Kastljós-Títon.



## Nesjavellir

Á Nesjavöllum er háhit virkjaður til að framleiða jöfnum höndum raforku og heitt vatn. Rafteikning hf. hefur unnið við Nesjavallavirkjun allt frá upphafi. Í byrjun, eða frá 1982, var rekið tilraunaorkuver á svæðinu, þar sem keyrður var líttill gufuhverfill til raforkuframleiðslu, sem nýttist meðal annars við byggingarframkvæmdir í fyrsta áfanga virkjunarinnar. Í framhaldinu tók Rafteikning þátt í verkhönnun og arðsemismati virkjunarinnar, síðan tók við skipulagning framkvæmda, hönnun og gerð úboðsgagna, mat á tilboðum og gerð verksamninga. Þegar verkið hófst sá fyrirtækið um hönnunareftirlit, deilihönnun háspennu-, millispennu- og lágpennukerfa og því næst eftirlit með framkvæmdum, prófanir og gangsetningu.

Fyrsti áfangi Nesjavallavirkjunar, sem var 100 MWv varmaorkuver, var gangsettur árið 1990 og hófst þá orkuvinnsla á háhitasvæði fyrir höfuðborgarsvæðið. Áfangi II hófst með stækken varmaorkuvers í 150 MWv árið 1992 og lauk með stækken varmastöðvar í 200 MWv á sama tíma og áfangi III lauk með byggingu 2x30 MWr raforkuvers árið 1998. Þegar hefur verið ráðist í fjórða áfanga virkjunarinnar, sem felst í stækken raforkuvers í 3 x 30 MWr. Nú í árslok 2000 eru framkvæmdir vegna þess verkefnis í fullum gangi.

Vegna orkuvinnslunnar á Nesjavöllum er þörf á töluberðri orku til eigin notkunar. Stefnir í að aflþörfin á svæðinu í lok fjórða áfanga verði 10-12 MW, mest vegna dælingar, en á svæðinu verða tíu 900 kW dælumótorar í rekstri, auk smærri dæla og búnaðar. Til viðmiðunar er það álíka og aflþörf tölувert stórs bæjarfélags með allri notkun vegna iðnaðar- og þjónustu eins og t.d. Reykjanesbærar.

Eigandi Nesjavallavirkjunar var í upphafi Hitaveita Reykjavíkur en er nú Orkuveita Reykjavíkur. Aðrir hönnuðir en Rafteikning hf. eru Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. (vélbúnaður og verkefnisstjórn), Teiknistofan Ármúla 6 (arkitektúr), Fjarhitun hf. (burðarvirki bygginga, safnæðar og aðveituæð) og Rafhönnun hf. (stýrivélar varmaorkuvers og kerfiráður).



## Sérsviðshópar Rafteikningar

Að undanförnu hefur verið unnið að því að koma á svokölluðum sérsviðshópum innan Rafteikningar. Markmiðið er að halda utan um fagbekkingu innan fyrirtækisins og sjá til þess að hún nýtist fyrirtækinu og viðskiptavinum sem best.

Hóparnir eru níu talsins en starfsmaður getur verið í fleiri en einum hópi, allt eftir þekkingu og reynslu viðkomandi. Dæmi um hópa eru: Lýsingarkerfi, öryggiskerfi, háspenna (virkjanir), stjórnkerfi, fjarskiptakerfi, stjórnun og almenn ráðgjöf o.fl. Hver hópur hefur sinn leiðtoga en umsjón með sérsviðum innan hópsins er skipt á milli manna.

Það að halda utan um fagbekkingu og miðla henni er margþætt verk. Hver hópur fylgist með nýjungum á sínu sviði, varðveisir upplýsingar á skipulegan hátt, markar stefnu Rafteikningar um fagleg málefni og síðast en ekki síst miðlar upplýsingum innan sem utan fyrirtækisins. Pess má geta að mikilvægur þáttur í starfi hóppanna er gæðastýring en hún felst í reglulegum fundum innan hópsins, yfirferð og hönnunarrýni í verkefnum og stefnumörkun um fagleg málefni.



# Sultartangavirkjun

Rekstur á nýjustu vatnsafsvirkjun landsins, Sultartangavirkjun, hófst í árslok 1999. Hönnun, útboðgagnagerð og hönnunareftirlit fyrir rafbúnað virkjunarinnar var í höndum Rafteikningar en VST sá um hönnun



vélbúnaðar og byggingarvirkja. Arkitektar voru VA arkitektar.

Stærð Sultartangavirkjunar er um 130 MW í tveimur vélasamstæðum. Við virkjunina er gaseinangrað tengivirki með 6 reitum og er virkið mikilvægur hnúpunktur í 220 kV flutningskerfi Landsvirkjunar. Það er nýmæli í uppbyggini stjórkerfa í virkjuninni að upplýsingum úr hinum ýmsum kerfum er safnað nálægt viðkomandi ferlum með dreifum inn/útgangseiningum stýrivéla. Þetta veldur því að magn strengja í virkjuninni er mun minna en verið hefur í virkjunum hér á landi til þessa.



## Truflanagreining

Hjá Rafteikningu er markvisst unnið að því að afla sérhæfðrar þekkingar og reynslu í rannsóknum á gæðum raforkunnar og bilana- og truflanaleit í ýmiss konar samskipta- og stýribúnaði. Starfsmenn hafa sótt námskeið og fyrirlestra erlendis og komið hefur verið upp góðu safni staðla og annars efnis um þessi málefni.

Rafteikning hefur unnið að rannsóknum á gæðum spennu og truflunum í rafdreifikerfum ýmissa rafveitna og í raf-, síma- og stýrikerfum fyrirtækja. Þessi þjónusta hefur margssinnis sýnt hve mikils virði það er að ráðgjöf vegna rafkerfa og hönnun þeirra sé byggð á þekkingu og reynslu og að fullt tillit sé tekið til aðstæðna á hverjum stað. Í þessu sambandi má nefna ráðgjöf varðandi val á búnaði,

frágang og tengingu búnaðar og lagna ásamt varnarbúnaði. Allt hefur þetta áhrif á gæði rafmagnsumhverfisins sem aftur hefur áhrif á rekstur búnaðarins og jafnvel fyrirtækjanna í heild.

### Raf- og segulsvið

Rafteikning hefur tekið að sér margvísleg verkefni er varða mælingar á raf- og segulsviði. Starfsmenn hafa sótt námskeið og fyrirlestra erlendis þar sem fjallað hefur verið um mælitækni og aðferðir til að draga úr dreifingu rafsegulsviðs.

Rafteikning hefur annast umfangsmiklar mælingar á dreifingu og styrk raf- og segulsviðs umhverfis raflínur og spennistöðvar og aðra þá staði þar sem búast má við mestu raf- og segulsviði. Einnig hafa verið gerðar mælingar á styrk segulsviðs í ýmsum fyrirtækjum og veitt ráðgjöf varðandi það sem betur má fara.

## Starfsmannafélag Rafteikningar

### StaRT

Starfsmannafélag Rafteikningar, StaRT var stofnað á haustmánuðum árið 1987 og hóf þegar kröftuga starfsemi. Allir starfsmenn Rafteikningar eru félagar og styður Rafteikning dyggilega við bakið á starfseminni með fjárstuðningi og fyrigréðslum þegar mikið stendur til.

Aðalmarkmið StaRT hefur frá upphafi verið að efla félagsanda starfsmanna Rafteikningar og stuðla að betra og léttara sambandi þeirra með því að starfsmenn og fjölskyldur þeirra hittist utan vinnutíma og geri eitthvað saman.

Helstu uppkomur sem StaRT stendur fyrir eru fjölskylduferðir, helgarferðir, sem farnar eru á vorin og haustin annað hvort innanlands eða til útlanda, árshátið starfsmanna, jólaball og leikhúsferðir. Einnig stendur félagið fyrir skipulögðum

gónguferðum á fjöll og láglendi í nágrenni höfuðborgarinnar á sumrin og reynt er að koma við skíðaferð á vetrum.

Að minnsta kosti tvær vísindaferðir eru farnar á hverju ári á vegum félagsins, þar sem skoðuð eru húsakynni fyrirtækja og fræðst um starfsemi þeirra.



## Forrit til útreikninga á jarðskautskerfum

Rafteikning á jarðskautsforritið CDEGS frá Kanadísku fyrirtækinu Safe Engineering Services & Technologies Ltd. CDEGS stendur fyrir "Current Distribution, Electromagnetic fields, Grounding and Soil structure analysis".

Forritið er notað við hönnun og athuganir á jarðskautskerfum. Settar eru inn mælingar á jarðeðlisviðnámi og út frá þeim ákvæður forritið líkan fyrir jarðveginn. Síðan er sett inn jarðskautskerfi, m.a. með hjálp teikniforrits og reiknar forritið þá jarðskautsviðnám fyrir kerfið. Straumdreifing fyrir viðkomandi stað, t.d. tengivirki, er síðan reiknuð, þ.e. hve stórt hluti bilunarstraums gengur um jarðskautið og hve stórt hluti gengur um önnur skaut sem tengjast því. Þá er hægt að skoða skref- og snertispennur á áhrifasvæði jarðskautsins. Hér hefur einungis verið lýst grunnmöguleikum forritsins en það býður upp á ýmsa aðra möguleika sem tengjast athugunum tengdum jarðskautskerfum.



## LuxEuropa 2001

Ráðstefnan Lux Europa, sem haldin er fjórða hvert ár, verður haldin á Íslandi 18.-20. júní 2001. Vinna við undirbúning hefur verið í gangi undanfarið ár og hefur Egill Skúli Ingbergsson hjá Rafteikningu haft veg og vanda af honum.

Yfir 100 einstaklingar frá hinum ýmsu þjóðlöndum hafa sent inn útdrátti úr erindum sem þeir óska eftir að fá að flytja á ráðstefnunni. Umræðuefnir á ráðstefnunni verður: Ljós, Líf, Heilsa og Umhverfi. Stjórn Lux Europa, sem í sitja fulltrúar 14 Evrópulanda, velur fyrirlestrana.